

Fundargerð

27. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSí miðvikudaginn 29. nóvember 2017.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 17:00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 26. fundar staðfest milli funda og birt í kjölfarið á vef FRÍ. Tillaga afreksíþróttastjóra og nefnda um viðurkenningar staðfest rafrænt.

2. 9 mánaða uppgjör 2016 og drög að fjárhagsáætlun 2017

Gjaldkeri kynnti 9 mánaða milliuppgjör 2017, sem sýnir að rekstrarstaða er góð og í samræmi við áætlun ársins með skýringum á auknum ferðakostnaði einstakra ferða, sem áður hefur verið kynnt. Umræða. Kynnt drög að fjárhagsáætlun 2018, sem mun taka mið af verkefnum erlendis. Milliuppgjórið og drögin að fjárhagsáætlun verða kynnt á formannafundinum líkt og lög FRÍ gera ráð fyrir.

3. Formannafundur og uppskeruhátíð – 1. desember 2017

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir dagskrárlíði og hlutverk hvers og eins. Fundurinn hefst kl. 16.15 á Hótel Cabin, 6. hæð., en uppskeruhátíðin kl. 18.00.

Dagskráin er eftirfarandi:
Formannafundur FRÍ settur
Innlegg formanns: FRÍ í fortíð, nútíð og framtíð
Uppfærðar siðareglur FRÍ
Afreststefna og nýr Afrestsjóður FRÍ
9 mánaða uppgjör FRÍ
FRÍ þing: Dagsetning, undirbúningur og helstu stef
Mótaskrá og verkefni landsliða 2018
Kaffi og samræðuhlé
Gestir boðnir velkomnir til Uppskeruhátíðar FRÍ
Uppgjör ársins 2017 í máli og myndum
Viðurkenningar

Fundarboðun er á fullri ferð af hálfu skrifstofu og gengur vel. Auglýst opið á vefmiðlum.

4. Erlend mótaþátttaka 2018

Afreksíþróttastjóri kynnti þá tillögu sem fjallað verður um á formannafundinum. Lögð áhersla að um er að ræða drög, enda endurspeglar tillagan sig í fjárhagsáætlun.

5. FRÍ þing – Málþing „Framtíðin er í dag“

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir áframhaldandi undirbúningi að FRÍ þingi 23.3 og 24.3. Í framhaldi af síðasta stjórnarfundum var ákveðið að virkja fræðslu- og útbreiðslunefnd gagnvart málþingi í janúar/febrúar sem upptakt að þinginu en það yrði opið málþing um málefni barna- og unglunga í frjálssípróttum, keppni og æfingar. Vinnuheitið verður „Framtíðin er í dag“.

6. Tengiliðir nefnda

Ákveðið að gera ákveðnar breytingar vegna innri skipulagningar á tengslaaðilum stjórnar við nefndir. Afreksípróttastjóri tekur við sem tengiliður við íþrótt- og afreksnefnd af formanni og við unglinganefnd af varaformanni. Varaformaður tekur við sem tengiliður við öldunganefnd af gjaldkera. Formaður bætist við sem tengiliður við fræðslu- og útbreiðslunefnd.

7. Önnur mál

Áframhaldandi umræða um þjóðarleikvang í Laugardal. Ákveðið að ná að kynna málið fyrir nýjum menningar- og menntamálaráðherra við fyrsta tækifæri.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.18:40.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.